



Ungmennaráð Hrunamannahrepps

8. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn miðvikudaginn
22. október 2025 kl. 15.30 í Flúðaskóla

- Mættir til fundar, Anna Katrín Víðisdóttir formaður, Íris Birna Árnadóttir aðalmaður, Ingunn Lilja Arnórsdóttir aðalmaður og Sara Nadía Gunnarsdóttir aðalmaður, Katrín Katla Guðmannsdóttir aðalmaður. Nýir meðlimir í ráðið: Andi Óskarsson og Stigur Eyfjörð Ævarsson.

Auk þeirra sat fundinn Þórarinn Guðni Helgason starfsmaður Ungmennaráðs sem ritaði fundargerð í tölvu.

1. Kynning og umræður um lokaskýrslu vegna verkefnisins Barnvænt sveitarfélag.
 - a. Kolbrún Haraldsdóttir kom á fund Ungmennaráðs og kynnir stöðuna á innleiðingu Barnvæns samfélags á vegum Unicef. Þann 14. nóvember er áætlað að sveitarfélagið fái viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag og mun Ungmennaráð hafa veg og vanda að skipulagningu viðburðarins.
 - b. Fráfarandi ungmennaráð fékk það hlutverk að skila barnaskýrslu inn í lokaskýrslu verkefnisins. Valin var sú leið að gera lag um innleiðinguna og myndband sem tekur utan um réttindi barna og þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir börnum.
 - c. Viðurkenningarathöfn 14. nóvember.
 - i. Anna Katrín formaður ungmennaráðs flytur erindi um vægi barna í ákvarðanatökum sveitarfélaga. Einnig flytja framkvæmdastjóri Unicef og fulltrúar sveitarfélagsins ávörp.
 - ii. Kaka með barnasáttmálanum og kaffi, myndband sýnt á stóra skjánum og tónlistaratriði flutt samhliða af fulltrúum ungmennaráðs.
 - iii. Spurningakeppni um sveitarfélagið, Barnasáttmálann og börn.
 - iv. Ungmennaráð fær bleika boli (litur kærleikans), nöfn fulltrúa, merki sveitarfélagsins og barnvæns sveitarfélags.
2. Ráðstefna ungmennaráða sveitarfélaga 5. desember
 - a. Þann 5. desember 2025 verður haldin ráðstefna ungmennaráða á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga á Hilton Reykjavík Nordica. Þetta er einstakt tækifæri þar sem öll ungmennaráð á Íslandi koma saman á einum stað. Dagskráin

verður spennandi, hvetjandi og tengd því sem skiptir ungmenni máli. Sérniðin dagskrá sem tekur mið af áhuga, hugmyndum og áskorunum sem ungt fólk á Íslandi stendur frammi fyrir. Markmiðið er að virkja ungmennaráðin og styrkja stöðu þeirra.

- b. Ungmennaráð gerir ráð fyrir að mæta á ráðstefnuna sem fulltrúar ungs fólks í Hrunamannahreppi.
3. Sveitarstjórn óskar eftir fundi með ungmennaráði vegna fjárhagsáætlunar. Ungmennaráð tekur vel í erindið.
 - a. Ungmennaráði langar til þess að þakka fyrir aukið samtal í kjölfar þess að sl. vor benti ungmennaráð á að ráðið hafi ekki verið haft með í för þegar ákvarðanir um breytingar á húsnæði félagsmiðstöðvar og skóla voru teknar.
 - b. Ungmennaráð hlakkar til frekara samstarfs og óskar eftir því að í framtíðinni að fá inn á sitt borð þau málefni er varða hagsmuni barna og ungmenna.
4. Fundi slitið kl. 17:39